

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um eyðing svartbakseggja, undirskrifuð af konungi 19. febr. 1892 (A. nr. 6, bls. 12; þýðing á bls. 13.).

Lög um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, undirskrifuð af konungi 19. febr. 1892, (A. nr. 7, bls. 14—16; þýðing á bls. 15—17.).

Opíð brjef um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara, undirskrifuð af konungi 26. febr. 1892, (A. nr. 8, bls. 18—19.).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um sameining Austur-Skaptafellssýslu við austuramtíð. — 1. febr. 26

Eins og yður er kunnugt, herra amtnaður, var borið upp á síðasta alþingi frumvarp um að leggja Austur-Skaptafellssýslu undir amtsráð austuramtsins, en það frumvarp var fellt í efri deild alþingis, meðal annars vegna þess, að það þótti eiga miður vel við, að tjeð sýsla væri í umboðslegum efnum í suðuramtinu, en sem sveitarfjelag í austuramtinu. Hins vegar var því hreyft, hvort ekki mundi tiltækilegra að sameina Austur-Skaptafellssýslu að öllu leyti við austuramtíð, annaðhvort á þann hátt, að Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu og Austur-Skaptafellssýslu væri steipt saman í 2 sýslur, og Vestur-Skaptafellssýsla lögð við Rangárvallasýslu, eða á þann hátt að láta báðar Múlasýslurnar og Austur-Skaptafellssýslu halda sjer sem 3 sýslur, og Vestur-Skaptafellssýslu vera sýslu sjer.

Með því að mjer virðist margt mæla með því, að Austur-Skaptafellssýsla væri sameinuð að öllu leyti við austuramtíð, en mjer þykir rjettara, að áður en leitað væri samþykkis löggjafarvaldsins til þeirrar sameiningar, sje hlutaðeigandi sýslunefndum og amtsráðum gefið færi á að láta uppi álit sitt um þær breytingar á sýsluskipuninni í suðuramtinu og austuramtinu, sem af sameiningunni hlyti að leiða, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtnaður, að leita álitis sýslunefndanna í Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu um áminnsta sameiningu, sem mjer virðist tiltækilegast að koma fyrir á þann hátt, að þrjár nyrztu hreppar Suður-Múlasýslu: Eyða-, Vallna- og Mjóafjarðarhreppar, væru lagðir til Norður-Múlasýslu, og Austur-Skaptafellssýsla aptur sameinuð við Suður-Múlasýslu, en af því mundi hinsvegar leiða, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu yrði að búa nálægt Djúpavogi eða í Álptafirði, og að Seyðisfjörður yrði að koma í stað Eskifjarðar sem aðalkauptún í austuramtinu, að því er snertir skrásetning og mæling skipa, sóttvarnir og fleira. Ennfremur er það vitaskuld, að breytingar þessar gætu ekki komizt á nema með samþykki sýslumanna þeirra, sem hlut eiga að máli, eða jafnóðum og sýslurnar losnuðu. Tíllögur sýslunefndanna bið jeg yður því næst að bera upp fyrir amtsráðinu í austuramtinu, og senda mjer síðan álitsskjöl sýslunefnda og amtsráðs ásamt með þóknanlegum ummælum yðar.

18. dag marzmán. 1892.